

Alþingi  
Erindi nr. P 120/1806  
komudagur 15.4.2004



ÚTLENDINGASTOFNUN  
ICELANDIC DIRECTORATE OF IMMIGRATION

Nefndasvið Alþingis,  
b.t. Sigrúnar Brynju Einarsdóttur,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

Reykjavík, 14.04.2004  
Tilvísunarnr.: 2004030012

**Efni: Umsögn vegna frumvarps til laga um breyting á lögum um útlendinga, 749. mál.**

Í framlögðu frumvarpi til laga um breyting á lögum um útlendinga nr. 96/2002 er að finna nauðsynlegar breytingar er telja verður eðlilegt framhald af þróun heimsmála á síðustu árum.

Reynsla Útlendingastofnunar(ÚTL) af nýjum útlendingalögum er góð en til að takast megi að gæta sanngirni og réttlætis eru framangreindar breytingar til mikilla bóta. Með núgildandi lögum um útlendinga náðist verulegur áfangi í átt til nútímans en engu að síður hafa lögin ekki enn náð tilgangi sínum að fullu þar sem þau atriði sem nú er lagt til að bætist við lögin hefur vantað.

Ekki þykir ástæða til að fjalla sérstaklega um 17. gr. frumvarpsins er lýtur að fyrirvörum varðandi stækkun ESB.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 96/2002 um útlendinga er tilgangur laganna eftirfarandi: “lögin veita heimild til að hafa eftirlit með komu til landsins og för úr landi og með dvöl útlendinga hér á landi í samræmi við stefnu stjórnvalda hverju sinni.”

Ekki hefur að fullu reynst unnt að laga störf ÚTL að ofangreindum tilgangi og má þar nefna að úrræði til að sporna gegn útgáfu dvalarleyfa á röngum forsendum, svo sem vegna málamyndahjúskapar. hafa ekki verið fyrir hendi. ÚTL hefur á síðustu árum séð mörg rökstudd dæmi um hugsanlegan málamyndahjúskap en ekki haft nein úrræði til að koma í veg fyrir útgáfu leyfa á þeim forsendum. Er það því mat stofnunarinnar að hér sé lögð til mikilvæg breyting sem stuðli að jafnræði og sanngirni.

Útlendingastofnun telur rétt að áréttu nauðsyn þess að tillaga sú er lýtur að heimild til að krefjast þess að umsækjandi um dvalarleyfi skv. 1. mgr. 13. gr. útlendingalaga gangist undir rannsókn á erfðaeftni, og töku lífsýnis í því skyni. Rökstuddur grunur liggur fyrir um að heimildir þær sem er að finna í 13. gr. laga um útlendinga er varða fjölskyldusameiningu hafi í einhverjum tilfellum verið misnotaðar. Miðað við reynslu nágrannalanda okkar liggur fyrir að heimildarákvæði þessu mun einungis verða beitt í undantekningartilfellum. Í einstaka tilfellum kann að reynast nauðsynlegt að krefja umsækjendur dvalarleyfis um lífsýni til að færa sönnur á skyldleika og að þær

upplýsingar sem lagðar hafa verið fram varðandi skyldleika séu réttar. Útlendingastofnun hefur á undanförunum árum átt í erfiðleikum með að staðreyna slíkar upplýsingar víðs vegar að úr heiminum.

Að öðru leyti tekur Útlendingastofnun undir þau sjónarmið sem fram koma í athugasemdum við lagafrumvarp þetta og telur ekki þörf á að bæta neinu þar við.

Til að gera þennan málaflokk enn skilvirkari hefði Útlendingastofnun gjarnan vilja sjá tillögu til breytinga á lögum í þá veru að útgáfa atvinnuleyfa yrði færð til stofnunarinnar. Eins og ÚTL hefur marg ítrekað er af því mikið hagræði að færa þennan málaflokk á eina hendi. Ein af grundvallarforsendum dvalarleyfis er sjálfstæð framfærsla en framfærsla fæst oftast með atvinnuþátttöku. Óheimilt er að gefa út dvalarleyfi á grundvelli atvinnuþátttöku nema atvinnuleyfi liggi fyrir, sömuleiðis er óheimilt að gefa út atvinnuleyfi nema dvalarleyfi hafi verið gefið út.

Eins og staðan er í dag þá eru tvær stofnanir undir tveimur ráðuneytum að sjá um útgáfu leyfa til handa útlendingum. Þetta fyrirkomulag er kostnaðarsamt, óskilvirkt og tímafrekt fyrst og fremst fyrir þá er leita þjónustunnar og ekki síður fyrir þá er vinna við málaflokkinn.

Virðingarfyllst,  
f.h. Útlendingastofnunar

*Hildur Dungal*

Hildur Dungal,  
Forstöðumaður stjórnsýslusviðs.

